

Umsókn um skráningu trúfélags

Siðmennt – félag um borgaralegar athafnir óskar hér með eftir því að vera skráð sem trúfélag og njóta þannig sömu þjónustu og réttinda sem skráð trúfélög njóta hér á landi.

Greinargerð

Samkvæmt [lögum um skráð trúfélög](#) (1999 nr. 108 28. desember) 1. gr. eiga allir menn rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi.

Í 3. grein sömu laga er kveðið á um þau skilyrði sem eru fyrir því að félag verði skráð sem trúfélag. Tvö skilyrði eru nefnd:

Í fyrsta lagi að um sé að ræða félag sem leggur átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur. **Í öðru lagi** er gert ráð fyrir því að félagið hafi náð fótfestu í landinu og starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðkar trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um.

Telja verður víst að Siðmennt uppfylli bæði þessi skilyrði. Félagið kennir sig við siðrænan húmanisma. Við teljum að vísindalegar aðferðir reynist mönnum best við að skilja heiminn í kringum sig. Við trúum því að flest vandamál mannsins verði leyst með skynsemi og rökhugsun fremur en með kreddum eða trú á eitthvað yfirnátúrulegt. Við trúum því að allt sem er til sé hluti af náttúrunni og því sé ekkert til sem geti kallast yfirnátúrulegt. Við trúum því að maðurinn sjálfur er ábyrgur fyrir velfarnaði sínum, ekki æðri máttarvöld.

Ekki skipta öll viðurkennd trúarbrögð tilverunni í náttúrulega og yfirnátúrlaga heldur ganga út frá að tilvistin sé eins eðlis og án afskipta æðri máttar, hallast að einhyggju fremur en tvíhyggju. Hér má nefna búddisma, hindúisma, konfúsíisma og ásatrú. Félag ásatrúarmanna jafnt sem búddista eru viðurkennd hér á landi.

Trúin á gildi rökhugsunar og skynsemi er ævaforin og líklegt verður að teljast að einstaklingar frá flestum svæðum heimsins á flestum tímum hafi haft slíka lífssýn. Uppruna húmanisma nútímans má hins vegar rekja til endurreisnartímabilsins sem átti sér stað á Ítalíu á 15. öld. Það var þó að öllum líkindum ekki fyrr en upp úr miðri síðustu öld sem húmanistar og fríþenkjarar tóku sig saman og stofnuðu félög utan um lífsskoðun sína og athafnir. Það félag sem Siðmennt líkist einna helst er norska húmanistafélagið [Human etisk forbund](#) (HEF) sem var stofnað árið 1956. Rétt eins og Siðmennt stendur HEF fyrir borgaralegum athöfnum og fræðslu auk þess sem félagið er vettvangur fyrir húmanista til að hittast og ræða lífsskoðanir sínar. (Sjá nánari umfjöllun um HEF og aðrar húmanistahreyfingar hér fyrir neðan.)

Eins og glögglega kemur fram í 6. lið næsta kafla hefur Siðmennt verið starfandi frá árinu 1988 þó það hafi ekki verið formlega stofnað fyrr en árið 1990. Síðan þá hefur félagið m.a. staðið fyrir borgaralegum ferlingum og stefnir að því að bjóða annars konar borgaralegar þjónustur í framtíðinni. Má þar nefna ráðleggingar um borgaralegar nafngjafir, giftingar og útfarir. (Sjá nánari umfjöllun um starfsemi Siðmenntar hér fyrir neðan).

Upplýsingar um Siðmennt

1) Nafn trúfélags og heimilisfang

Siðmennt – félag um borgaralegar athafnir
Kennitala: 600290-1429
Æsufelli 4
111 Reykjavík

2) Félagatal

Sjá Viðauka 1

3) Trúarkenningar og tengsl við önnur trúfélög

Trú og hugmyndafræði

Hugmyndafræði Siðmenntar er siðrænn húanismi. Við trúum því að vísindalegar aðferðir reynist mönnum best við að skilja heiminn í kringum sig. Við trúum því að flest vandamál mannsins verði leyst með skynsemi og rökhugsun en ekki með kreddum. Við trúum því að allt sem er til sé hluti af náttúrunni og því sé ekkert til sem geti kallast yfirnáttúrulegt. Við trúum því að maðurinn sjálfur er ábyrgur fyrir velfarnaði sínum, ekki „æðri máttarvöld“.

Tengsl við önnur félög

Félög siðrænna húanista eru til í fjölmörgum löndum og sumstaðar eru þau fleiri en eitt. Hér á eftir fer stutt lýsing á nokkrum þeirra.

Norsku samtökin Human etisk forbund (<http://www.human.no/>)

HEF var stofnað 1956 af 256 félagsmönnum. Félagið hefur eflst mjög undanfarna áratugi. Félagsmenn eru um 63.000 þegar þessi orð eru skrifuð en voru aðeins 5000 árið 1980. Félagsdeildir eru í 120 sveitarfélögum. Ársvelta samtakanna er 250 milljónir íslenskra króna. Þrjú fjórðu hlutar teknanna koma frá ríki og sveitarfélögum. *Þar munar mestu að samtökin fá til ráðstöfunar safnaðargjöld félagsmanna frá hinu opinbera. Félaginu tókst 1981 að fá viðurkenningu sem trúfélag og fékk svo lögunum breytt þannig að skattar þessir renna til lífsskoðanafélaga, auk trúfélaga. Að auki er innheimt félagsgjald og nokkrar tekjur eru af sölu útgáfuefnis.*

Félagið berst fyrir fullu trú- og skoðanafrelsi, ekki síst fyrir réttindum skólabarna til alhliða fræðslu um lífsskoðanir og trúarbrögð. Langtímamarkmið samtakanna er skyldufag fyrir alla skólanemendur um siðfræði og lífsskoðanir og kynningu á trúarbrögðum á jafnréttisgrundvelli.

Samtökin standa fyrir mörg hundruð hátíðlegum athöfnum á hverju ári. T.a.m. fermdust yfir 8700 börn borgaralega á árinu 2001. Það eru um 15% allra norskra unglunga. Um 20% unglunga sem búa í Ósló völdu að fermast borgaralega á síðasta ári. Þar að auki stendur HEF fyrir fjölmörgum nafngiftarhátíðum, borgaralegum útförum og giftingum. Unnið er að kynningu á þessari þjónustu og þróun hennar. Haldin eru margs konar námskeið um hvaðeina er varðar lífsskoðanir og starf samtakanna.

Bandarísk siðfræðifélög (Ethical Societies, sjá: <http://ethicalsociety.org>)

Ethical Societies eru starfandi í mörgum borgum og bæjum í Bandaríkjunum. Þau telja sig vera trúfélög og námsfélög án trúarsetninga sem sameini fólk með ólíkan bakgrunn í leit að siðrænu lífi. Ethical Societies leitast við að vera opin og gefandi samfélög sem innblása félagsmönnum hugsjónum um fyrirmyndarþjóðfélag. Félagsmenn vinna sameiginlega að eflingu skilnings og þekkingar sinnar til að hafa siðbætandi áhrif í daglegu lífi og um heim allan.

Í bæklingnum Ethical Humanism in Brief útskýrir Arthur Dobrin m.a. *hví siðrænir húanistar séu trúaðir*. Það er vegna þess að þeir leggja þann skilning í lífið að það sé stórkostleg, dulúðleg og heilög gjöf og menn verði að sýna því djúpa virðingu. Siðræna hreyfingin hafi stofnað trúarbrögð

sem byggja á siðrænum hugmyndum og menn geti verið siðrænir hvort sem þeir trú á guð eður ei. En siðfræðin spretti fremur úr mannlegri reynslu en af yfirnáttúrulegum krafti. Þessar hugmyndir eru raktar nánar hér framar.

Alþjóðasamband húmanista- og siðfræðifélaga (The International Humanist and Ethical Union)

Mörg önnur húmanista- og siðfræðifélög, sem deila trú- og lífsskoðunum Siðmenntar, eru til víðs vegar um heiminn. The International Humanist and Ethical Union (IHEU, sjá: www.iheu.com) er eins og nafnið gefur til kynna alþjóðasamband slíkra félaga og samtaka. Siðmennt er rétt eins og norsku húmanistasamtökin aðilli að IHEU. IHEU tekur virkan þátt í alþjóðastarfi m.a. á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hægt er að skoða yfirlit yfir önnur siðræn húmanistafélög víðs vegar um heiminn á heimasíðu samtakana.

4) Lög Siðmenntar

Samþykkt á stofnfundi 1990, síðast breytt á aðalfundi 2002.

1.

Nafn félagsins er Siðmennt - Félag um borgaralegar athafnir. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík

2.

Félagið er málsvari mannúðarstefnu og frjálsrar hugsunar, óháð trúarsetningum, og stendur fyrir borgaralegum athöfnum.

3.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins. Hann skal halda í febrúar ár hvert og skal boðað til hans skriflega með tveggja vikna fyrirvara og er þá miðað við pósthimpildag fundarboðs. Rétt til atkvæðagreiðslu á aðalfundi hafa þeir einir sem greitt hafa félagsgjöld.

4.

Á aðalfundi skal kjósa fimm manna stjórn og tvo endurskoðendur. Þar skal einnig ákveða árgjald félagsins og afgreiða reikninga þess.

5.

Breytingar á lögum og stefnuskrá félagsins má aðeins samþykkja á aðalfundi. Skulu tillögur þess efnis hafa borist stjórn félagsins fyrir janúarlok ár hvert og sendir stjórnin þær til félagsmanna ásamt aðalfundarboði.

6.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Hún fer með æðsta vald í málum félagsins milli félagsfunda.

7.

Félagsfundir eru haldnir eftir þörfum og í fundarboði skal geta dagskrár.

8.

Krefjist þriðjungur félagsmanna þess skriflega skal boðað til félagsfundar. Skal það gert bréflaga með tveggja vikna fyrirvara miðað við pósthimpil og eigi síðar en viku eftir að beiðnin hefur borist stjórninni.

5) Nöfn stjórnarmanna

Hope Knútsson, formaður

557 3734

hopeful@islandia.is

Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður

898-7585

siggi@skodun.is

Karólína Geirsdóttir, gjaldkeri

566 8958

karolina@centrum.is

Bjarni Jónsson, ritari

581 1114

bjarni.jonsson@isl.is

Jóhann Björnsson, meðstjórnandi

553-0877

johannbj@hotmail.com

6) Starfsemi félagsins

Siðmennt var stofnað árið 1990. Starfsemi Siðmenntar felur m.a. í sér að aðstoða fólk við borgaralegar athafnir eða standa fyrir þeim við helstu tímamót á mannsævinni. Frá 1988 hefur Siðmennt haldið undirbúningsnámskeið og séð um borgaralegar fermingar árlega. Þegar þetta er skrifað hafa um 500 ungmenni fermst borgaralega og um 7000 manns verið viðstaddir athafnirnar.

Siðmennt hefur unnið að því að kynna fólki hvernig hægt er að standa að borgaralegri útför. Fyrstu starfsárin var saminn bæklingur um það efni og fóru fróðir menn um lög og reglur gaumgæfilega yfir efni hans. Síðar gaf félagið út bækling um borgaralega nafngjöf til að leiðbeina þeim sem ekki láta skíra börn sín. Undanfarin ár hefur fyrirspurnum til Siðmenntar um borgaralegar útfarir aukist töluvert og er greinilegt að margir kjósa slíka þjónustu.

Siðmennt stefnir að því að bjóða upp á hinar ýmsu borgaralegar athafnir. Hér er m.a. átt við borgaralega nafngjöf, giftingu og greftrun. Ennfremur fræðsla í samræmi við markmið félagsins.

Félagið hefur gengist fyrir umræðufundum um ýmis mál er tengjast mannúðarstefnu (siðrænum húmanisma) eða borgaralegum athöfnum. Má þar nefna málefni eins og stefnu félagsins, trúarbragðafræðslu í skólum, mannréttindi samkynhneigðra, trúarskoðanir Schuberts, um að taka dauðann í sátt, sorg og sorgarviðbrögð, hugsanlegt trúfélag trúlausra, um erlend félög siðrænna húmanista o.fl.

Siðmennt rekur vefsíðu (www.sidmennt.is) þar sem birtar eru upplýsingar um stefnu og starfsemi félagsins.

Siðmennt tekur ekki beina afstöðu í stjórnámálum og félagsmálum. Undantekning er þó ósk félagsins um jafna stöðu allra trúarbragða og lífsskoðana sem m.a. hlýtur að hafa í för með sér aðskilnað ríkis og kirkju á Íslandi.